

267. Stjórnarfundur FEBRANG 6.október 2025 í Menningarsalnum á Hellu

Mætt voru Finnur Egilsson, Elísabet Jóna Sverrisdóttir, Svavar Ólafsson og Sigurborg Óskarsdóttir. Ásdís Ólafsdóttir, Einar G. Magnússon og Svavar Hauksson boðuðu forföll. Formaður bað Sigdísi Oddsdóttur að lesa síðustu fundargerð og rita fundargerð.

1. Fundargerð 266. Stjórnarfundar frá 22. September 2025 lesin og samþykkt.
2. Finnur sagði frá formannafundi sem haldin var í Varmalandi 23.-24. September. Það helsta sem kom frá þeim fundi var að bæta kjör og húsnæði eldri borgara. Hægt er að lesa um formannafundinn [hér](#). Ályktun frá LEB eftir formannafundinn er nú þegar komin á netið. Mikið var rætt um ofbeldi gegn eldri borgurum og er minnt á málþing sem verður í beinu streymi á [heimasíðu LEB](#) þann 16. Október nk.
3. Dísá sagði frá skemmtinefndarfundi sem haldin var 06/10. Félag eldri borgara í Rangárvallasýslu samþykkir að 500 kr. af hverjum seldum miða á árshátíðina renni til Krabbameinsfélagsins. Samþykkt að borga einstakling 15.000 kr fyrir vinnu tengdri árshátíðinni. Einnig var samþykkt að einstaklingur frá Vestmannaeyjum fái að koma og taka myndir á árshátíðinni til að sýna félagsmönnum í Vestmannaeyjum. Finnur sér um að kaupa vín í fordrykk. Einnig þarf að kaupa gos og tónik.
4. Dísá sagði frá stöðunni varðandi skráningar á viðburði og námskeið.
5. Samþykkt að prófa að hafa bingó 1x í mánuði. Sigríður Einarsdóttir mun halda utan um það. Stefnt að því að hafa fyrsta bingó 23. Október nk. Í Menningarsalnum á Hellu.
6. Rætt um félagsaðild og forsendur þess að fólk sé að skrá sig í félagið.
7. Keypt var nýtt lén fyrir félagið, [febrang.is](#). Leitað er eftir tilboðum frá hýsingaraðilum. Dísá mun sjá um að samþykkja tilboð í samráði við Jóhann G. Jóhannsson.
8. Önnur mál.